



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/237
komudagur 26.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2008.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, þskj. 30 – 30. mál.

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) styður ofangreinda þingsályktunartillögu heilshugar enda ekki vanþörf á að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

KRFÍ hélt hádegismálþing 25. september sl. undir yfirskriftinni: Uppröðun á framboðslista – ábyrgð stjórnmalaflokkanna. Í lok málfingsins var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

“Það var samróma álit málfingsins að hvetja stjórnmalaflokkana til að hafa kynjajafnrétti að leiðarljósi við uppröðun á framboðslista fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Einnig að hvetja Alþingi sérstaklega til að bregðast við því misræmi sem gætir í hlutfalli kynjanna á framboðslistum almennt með því að taka til umfjöllunar þingsályktunartillögu Sívjar Friðleifsdóttur o.fl. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, sem og önnur sambærileg þingmál sem geta leitt til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmalum”.

Eitt af markmiðum KRFÍ er að berjast fyrir því að konur fái aukin áhrif í samfélaginu. Ójöfn staða kynjanna endurspeglar m.a. í því að misræmi gætir í þeim fjölda karla og kvenna sem sitja í sveitarstjórnnum. KRFÍ fagnar því sérstaklega að komin er fram þingsályktunartillaga sem tekur mið af þessu og er ætlað að leita leiða til að gera konum í auknum mæli kleift að koma að sveitarstjórnmalum.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri KRFÍ